



YFIRLIT ÁRSINS 2015

SJÓATVIK

YFIRLIT ÁRSINS 2015



SJÓATVIK

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)

www.rnsa.is

Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa. Með lögunum er starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa, Rannsóknarnefndar sjóslysa og Rannsóknarnefndar umferðarslysa sameinuð í eina rannsóknarnefnd. Þá voru nefndirnar þrjár sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyrir undir innanríkisráðherra ásamt sex varamönnum. Lögin tóku gildi þann 1. júní 2013. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjólsys).

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögunum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN.....	4
YFIRLIT ÁRSINS 2015 HJÁ RNSA - SJÓSLYSASVIÐ	4
VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2015	5
BANASLYS	6
SLYS Á FÓLKI	6
STÖÐUGILDI SLASADRA.....	7
SKIP	8
Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2015	9
TILKYNNNT SLYS Á SJÓMÖNNUM TIL SÍ 2000-2015	9
Tilkynningar á atvikum til RNSA – sjóatvik 2005 – 2015	10
ERLENT SAMSTARF 2015	11
SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2015	11

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af samgönguráðherra.

Í starfi fyrir nefndina RNSA-sjóslys voru á árinu 2015: Geirprúður Alfreðsdóttir formaður, Ingi Tryggvason nefndarmaður, Hilmar Snorrason nefndarmaður, Pálmi Jónsson varanefndarmaður og Hjörtur Emilsson varanefndarmaður.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá RNSA sjóslys, Jón A. Ingólfsson rannsóknarstjóri, Guðmundur Lárusson rannsakandi að hluttra og síðan Einar Ingi Einarsson.

Guðmundur Lárusson lét af störfum árinu vegna aldurs og nýr maður ráðinn í hans stað. Hann heitir Einar Ingi Einarsson og hóf störf 1. júní 2015 en hann lauk 4. stigi Vélskóla Íslands 1978 og sveinsprófi í vélvirkjun frá Landssmiðjunni 1980. Einar hefur tveggja áratuga reynslu af sjómennsku sem yfirvélstjóri á skuttogurum og flutningarskipum auk þess að starfa sem skiparekstrarstjóri um nokkurra ára skeið hjá Samskip.

Guðmundur Lárusson hóf störf hjá Rannsóknarnefnd sjóslysa 1. janúar 2002 og hélt áfram störfum hjá nýrri stofnun, Rannsóknarnefnd samgönguslysa frá 1. júní 2013 til 30. apríl 2015. RNSA þakkar honum góð störf í þágu nefndanna og samstarfið þennan tíma.

YFIRLIT ÁRSINS 2015 HJÁ RNSA - SJÓSLYASVIÐ


Á árinu 2015 voru haldnir sjö fundir hjá RNSA-sjólýs og voru 131 lokaskýrslur afgreiddar. Einnig voru 9 mál afgreidd sem drög og send aðilum þeirra til umsagnar. Staðan um áramót var sú að afgreiðsla sex mála hafði verið frestað og voru í frekari vinnslu.

Lokaskýrslur sem voru afgreiddar með nefndaráli voru 56. Engar beinar tillögur voru gerðar í öryggisátt en sérstakar ábendingar voru gerðar í málum sem afgreidd voru.

Um áramót átti nefndin eftir að taka fyrir 45 mál frá árinu 2015 og þar af 3 frá árinu 2014 sem höfðu dregist af nokkrum ástæðum en eru nú á lokastigi.

Tilkynnt og skráð mál hjá RNSA-sjóslys voru samtals 129 en voru 98 á árinu 2014 og 170 árið 2013. Á töflunni hér að neðan má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við síðastliðin níu ár. Einnig má sjá á töflunni meðaltal áranna á undan þ.e.a.s. frá 2005 til 2014.

SKRÁÐ MÁL HJÁ RNSA 2005 - 2015




Slysaskrá 2015 er í heild sinni í lok yfirlitsins á bls. 7 - 10

Eins og fram kemur þá fjölgar skráðum málum á milli ára um 32% en eru þó á árinu um 17% undir meðaltali árána á undan þ.e.a.s. 2005 – 2014. Allir málaflokkar, nema tveir, eru undir í sama meðaltali og má t.d. nefna ánægjulega þróun á slysum á fólki sem er 17% undir meðaltali þessara ára. Á árinu 2014 voru skráð slys á fólki um 36% undir meðaltali árána á undan.

VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2015

Flest skráð atvik hjá RNSA eru á SV svæði (45), sem markast frá Dyrhóley að Snæfellsnesi og NV svæði (43), sem er frá Snæfellsnesi að Siglufirði. Á kortinu sést hlutfallsleg skipting á milli svæða en á NA svæði eru 21 atvik skráð, SA svæði 7 atvik og á erlendu svæði 13 atvik.



BANASLYS

Eitt banaslys varð á íslensku skipi á árinu 2015 en ekkert á árinu 2014. Það var þriðja árið sem enginn banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við landið en þannig var það einnig á árunum 2008 og 2011. Nokkrar skýringar geta legið að baki þeirri þróun s.s. símenntun, betri vitund um hættur og öryggismál, lengri starfsreynsla, starfsskilyrði o.s.fr.v.

SLYS Á FÓLKI

Skráð slys á fólki á árinu 2015 eru 51 en á sama tíma á síðasta ári voru skráð atvik 41 og 53 í lok ársins 2013.

Flest slysin á fólki eru á togveiðiskipum (18), flutningaskipum (13) og línuveiðiskipum (11) en að öðru leyti er skipting á slysum á fólki eftir skipategundum í eftirfarandi töflu.


Tegund skips	Fjöldi slysa
<i>Slys á fiskibátum undir 20 BT</i>	1
<i>Slys á flutningaskipum</i>	13
<i>Slys á neta, skel og línubátum</i>	13
<i>Slys á nótaveiðiskipum</i>	3
<i>Slys á dráttarskipum</i>	1
<i>Slys á togveiðiskipum</i>	18
<i>Slys á dýpkunarskipum</i>	1
<i>Slys á rannsóknarskipum</i>	1

Flest slysin á fólki urðu um borð við veiðar (31), í höfn (11) og á siglingu (9).

Algengustu slysin voru fallslys af ýmsum toga (25) og önnur slys voru i m.a. við vindur, fiskvinnsluvélar, færibönd, skurðir og stungur ýmiskonar eða um 50%. Önnur algeng slys voru þegar menn urðu á milli og klemmdust, við löndun, landfestar, sjóbúnað o.s.fr.v. Einn maður fékk veiðarfæri í sig og kastaðist fyrir borð án þess að verða meint af.

STÖÐUGILDI SLASAÐRA

Eins og áður þá eru það undirmenn á skipum sem eru í miklum meirihluta þeirra sem slasast en á árinu 2015 eru þeir um 70% og þar af hásetar 61% eða 31 af 51 slösuðum í skráðum málum hjá RNSA. Rétt er að hafa í huga í því sambandi að þeir eru í talsverðum meirihluta af skráðum sjómönnum um borð í skipum.



Meðalaldur slasaðra um borð í skipum er 44 ára en yngsti var 18 ára og elstu tveir 67 ára. Þeir voru allir hásetar um borð í skipum sínum. Um 35% slysa á fólki (18) áttu sér stað á SV hluta landsins.

SKIP

Sex skip hafa sokkið á árinu en á árinu 2014 sökk einungis eitt skip og sex árið 2013. Skipin sem sukku á árinu voru tvö vegna bruna, tvö vegna leka og eitt af óþekktum ástæðum í höfn enn sem komið er. Á einu skipinu sem sökk varð banaslys og rannsókn er ekki lokið á því máli en skipinu hvolfdi við veiðar á Vestfjarðarmiðum. Á grundvelli frumrannsóknar var ákveðið að reyna að ná skipinu upp á yfirborðið og er undirbúningur þess í gangi.

Á töflunni má sjá skiptingu skráðra atvika hjá RNSA á tegundir skipa. Undir liðnum annað eru t.d. atvik þegar skip fengu á sig brotsjó og tjón hlaust af en fjögur skip lentu í því á árinu.

	Ásigling	Banaslys	Eldur	Leki	Sekkur	Strand	Tók niðri	Vélarbilun	Efnaslys	Annað
Björgunarskip										1
Dragnóterskip		1			1					
Dráttarbátar	1									1
Dýpkunarskip				1	1					
Farþegaskip/ferjur							2	2	1	1
Flutningaskip							1			
Minni fiskibátar	1		5	1	3	3		30		1
Línuveiðiskip	1							3		3
Netaveiðiskip								1		
Nótaveiðiskip				1						1
Seglskip	1									
Skelfiskiskip						2		1		
Skemmtibátar								1		
Togveiðiskip			1	1				1		


Átta atvik voru skráð þegar skip strönduðu eða tóku niðri en voru 11 árið 2014 og 2013. Eitt af þessum atvikum var sannarlega vegna þess að stjórnandi sofnaði en rannsókn sumra þessara atvika er ekki lokið.

Enn er talsvert af atvikum þegar skip voru dregin til hafnar vélarvana af ýmsum ástæðum og voru þau á árinu 42 miðað við 30 allt árið í fyrra. Skýringin á þessu er helst að finna vegna ýmissa vandræða hjá strandveiðibátum en á árinu voru skráð 20 mál vegna þeirra en voru 10 á árinu 2014. RNSA hefur fylgst náið með þessum atvikum og mun gera það áfram vegna þess lærdóms sem sannarlega má af þeim draga. Meðalfjöldi þessara atvika eru um 40 á ári frá 2005.

Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2015

Samkvæmt upplýsingum frá SÍ voru 219 slys á sjómönnum skráð á árinu 2015 en voru 201 á árinu 2014, 229 á árinu 2013 og 249 árið 2012. Um er að ræða um 8% aukningu miðað við árið áður en 21% undir meðaltali áranna 2004 til 2014.

Á súluritinu hér að neðan er fjöldi skráninga hjá SÍ á árunum 2004-2015.



TILKYNNNT SLYS Á SJÓMÖNNUM TIL SÍ 2000-2015

Þróun í þessum efnum hefur verið mjög jákvæð undanfarin ár en frá árinu 2000, þegar ný lög og nýjar áherslur urðu til við rannsóknir á sjóslysum, hefur tilkynntum slysum fækkað umtalsvert. Meðaltal tilkynnta slysa á sjómönnum til SÍ frá árinu 2000 – 2015 eru 301 og eru slys á árinu 2015 talsvert undir því meðaltali eða 27%.


Tilkynnt slys á sjómönnum frá árinu 2000 – 2015 til Tryggingastofnunar Íslands og síðan Sjúkratrygginga Íslands eru samtals 4.820.

RNSA hefur ástæðu til að nefna að margar útgerðir í landinu hafa tileinkað sér og innleitt öryggiskerfi um borð í skipum sínum sem hafa borið mikinn árangur. Ekki má gleyma árangri Slysavarnaskóla sjómanna í öryggismálum um borð í skipum.

Rannsókuð slys á sjómönnum hjá RNSA á árinu 2015 er hlutfallslega um 23% en var um 21% á árinu áður. Meðaltal rannsakaðra slysa á sjómönnum frá því að ný lög tóku gildi árið 2000 til loka árs 2015 er um 22%.

Tilkynningar á atvikum til RNSA – sjóatvik 2005 – 2015

RNSA hefur frá árinu 2005 flokkað hvaðan tilkynningar á atvikum koma til umfjöllunar hjá nefndinni. Ánægjulegt er að sjá hvernig þróunin hefur verið frá fjölmiðlum til tengdari aðila.



Hlutfall upplýsinga um atvik sem fengnar eru úr fjölmiðlum eru nú um 5% en var 55% þegar mest var árið 2007. Tilkynningar frá aðilum sem tengjast sjávarútvegnum þ.e.a.s. Vaktstöð siglinga, útgerðum, skipstjórum og slasaðum er nú um 78% en var 17% á árinu 2007.

Á árinu 2015 voru tilkynningar til RNSA 41% frá Vaktstöð siglinga, 25% frá skipstjórum og 14% frá lögregluembættum landsins.

Nefndin hefur hvatt sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til RNSA. Nefndin hefur bent á að þó atvik virðist í huga manna lítilfjörleg þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttunni við að auka öryggi á sjó.

Í ljósi þeirrar jákvæðu og ánægjulegu þróunar sem hefur verið á tilkynningum til RNSA undanfarin ár virðist sem skilningur aðila í sjávarútvegnum á mikilvægi þess verið að aukast.

ERLENT SAMSTARF 2015

Farið var á árlega ráðstefnu hjá samtökunum **MAIIF** (*Marine Accident Investigators International Forum*) sem haldin var í Tyrklandi. Á ráðstefnum hjá MAIIF er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekinn eru fyrir ýmis málefni sem varðar rannsókn sjóslysa.

Á árinu var einnig sóttur árlegur fundur hjá **EMAIF** (*European Marine Accident Investigators International Forum*) í Portúgal. Á þessum fundi var m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekinn eru fyrir ýmis málefni sem varðar rannsókn sjóslysa.

MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megin tilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa. Vefslóð MAIIF er: www.maiif.org

*EMAIF er Evrópuðild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF (*Marine Accident Investigators International Forum*) og voru stofnuð í Helsinki 2005.*

SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2015

Eins og áður hefur komið fram voru skráð atvik hjá RNSA 129 árið 2015 en þar af gerðust 17 atvik á árinu 2014. Eitt skráð atvik var sameinað öðru atviki á sama bát þar sem þau voru þau sömu á skömmum tíma. Öll atvik sem berast RNSA eru skráð, flokkuð og hægt að sjá þau á vef nefndarinnar, www.rnsa.is.

Eftirfarandi tafla sýnir öll mál RNSA sem voru skráð á árinu 2015 og er þeim raðað eftir dagsetningu viðkomandi atviks. Um er að ræða grófa flokkun á atvikum því t.d. í þeim tilfellum þegar merkt er að skip sé vélarvana er það ekki einungis vegna bilunnar í vélbúnaði.

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
17.jún.14	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip
3.júl.14	Lagarfoss	Slys á fólki	10.106	Flutningaskip
3.ágú.14	Brúarfoss	Slys á fólki	7.676	Flutningaskip
30.ágú.14	Goðafoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
3.okt.14	Gullberg VE 292	Slys á fólki	600	Togveiðiskip
20.okt.14	Sturla GK 12	Slys á fólki	671	Línuveiðiskip
23.okt.14	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip
25.okt.14	Brynjólfrur VE 3	Slys á fólki	531	Togveiðiskip
9.nóv.14	Jón Vídalín VE 82	Slys á fólki	809	Togveiðiskip
14.nóv.14	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip
18.nóv.14	Jón Vídalín VE 82	Slys á fólki	809	Togveiðiskip
21.nóv.14	Brettingur RE 508	Slys á fólki	901	Togveiðiskip
28.nóv.14	Lagarfoss	Slys á fólki	10.106	Flutningaskip
29.nóv.14	Pétur Afi SH 374	Strandar	33	Langleguskip
6.des.14	Páll Jónsson GK 7	Annað atvik	402	Línuveiðiskip
18.des.14	Selfoss	Slys á fólki	7.676	Flutningaskip
28.des.14	Dettifoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
3.jan.15	Brimrún	Vélarbilun	32	Farþegaskip
6.jan.15	Lagarfoss	Slys á fólki	10.106	Flutningaskip
7.jan.15	Brynjólfrur VE 3	Slys á fólki	531	Togveiðiskip
8.jan.15	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
10.jan.15	Brúarfoss	Slys á fólki	7.676	Flutningaskip
13.jan.15	Goðafoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
13.jan.15	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip
16.jan.15	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip
18.jan.15	Flugaldan ÓF 15	Leki í vélarúmi	14	Línuveiðiskip
20.jan.15	Tjaldanes GK 525	Ásigling í höfn	290	Línuveiðiskip
20.jan.15	Esjar SH 75	Slys á fólki	55	Dragnótaskip
23.jan.15	Sturlaugur H Böðvarsson AK 10	Slys á fólki	712	Togveiðiskip
24.jan.15	Gullhólmi SH 201	Slys á fólki	471	Línuveiðiskip
25.jan.15	Þrasi SH 375	Eldur í höfn	5	Handfærabátur
18.feb.15	Goðafoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
20.feb.15	Ísleifur VE 63	Slys á fólki	756	Nótaveiðiskip
22.feb.15	Brúarfoss	Slys á fólki	7.676	Flutningaskip
26.feb.15	Baldvin Njálsson GK 400	Slys á fólki	1.199	Togveiðiskip
5.mar.15	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip
6.mar.15	Sturla GK 12	Fékk á sig brotsjó	671	Línuveiðiskip
8.mar.15	Ásbjörn RE 50	Slys á fólki	652	Togveiðiskip
10.mar.15	Jötunn	Slys á fólki	96	Dráttarbatúur
11.mar.15	Sighvatur Bjarnason VE 81	Fékk á sig brotsjó	1.153	Nótaveiðiskip
11.mar.15	Bjarni Sæmundsson RE 30	Slys á fólki	822	Rannsóknarskip
12.mar.15	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	Vélarvana	1.028	Togveiðiskip
12.mar.15	Kap VE 4	Slys á fólki	1.085	Nótaveiðiskip
13.mar.15	Kári AK 33	Strandar	20	Skelfiskskip
23.mar.15	Ás NS 78	Vélarvana	10	Grásleppuveiðiskip
24.mar.15	Gísli Súrsson GK 8	Slys á fólki	30	Línuveiðiskip
28.mar.15	Snorri ST 24	Slys á fólki	6	Grásleppuveiðiskip
28.mar.15	Selfoss	Slys á fólki	7.676	Flutningaskip
1.apr.15	Haukur	Tók niðri	2.030	Flutningaskip
3.apr.15	Arnar í Há koti KÓ 37	Vélarvana	5	Grásleppuveiðiskip
11.apr.15	Bjartur NK 121	Slys á fólki	658	Togveiðiskip
13.apr.15	Faldur	Vélarvana	26	Farþegaskip
14.apr.15	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	Slys á fólki	1.028	Togveiðiskip
16.apr.15	Edda NS 113	Vélarvana	6	Handfærabátur
17.apr.15	Perla	Slys á fólki	410	Dýpkunarskip
24.apr.15	Maron GK 522	Vélarvana	92	Netaveiðiskip
27.apr.15	Sturla GK 12	Slys á fólki	671	Línuveiðiskip
30.apr.15	Bára KE 131	Vélarvana	4	Handfærabátur
5.maí.15	Rúnar AK 77	Vélarvana	5	Handfærabátur
6.maí.15	Kap VE 4	Slys á fólki	1.085	Nótaveiðiskip
13.maí.15	Gottlieb GK 39	Strandar	15	Línuveiðiskip
13.maí.15	Auður SH 611	Vélarvana	4	Handfærabátur
18.maí.15	Kristján HF 100	Leki í vélarúmi	15	Línuveiðiskip
18.maí.15	Jóa II SH 275	Vélarvana	6	Handfærabátur
19.maí.15	Herkúles SH 147	Sekkur - leki	5	Handfærabátur

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
19.maí.15	Grindjáni GK 25	Vélarvana	6	Handfærabátur
19.maí.15	Sæberg HF 112	Vélarvana	3	Handfærabátur
19.maí.15	Guðrún Ragna HU 162	Vélarvana	7	Handfærabátur
19.maí.15	Ása ÍS 132	Vélarvana	6	Handfærabátur
21.maí.15	Herjólfur	Annað atvik	3.354	Farþegaskip
24.maí.15	Röst SK17	Slys á fólki	344	Skelfiskskip
27.maí.15	Júlía RE 39	Vélarvana	8	Handfærabátur
10.jún.15	Þröstur BA 48 / Gísli BA 571	Árekstur milli skipa	5	Handfærabátur
10.jún.15	Bjargey ÍS 41	Vélarvana	23	Handfærabátur
11.jún.15	Kruzenshtern	Ásigling í höfn	3.064	Seglskip
13.jún.15	Gestur SH 187	Vélarvana	7	Handfærabátur
21.jún.15	Baldur	Tók niðri	1.677	Farþegaskip
22.jún.15	Nafni HU 3	Vélarvana	3	Handfærabátur
23.jún.15	Eyjólfur Ólafsson HU 100	Vélarvana	8	Handfærabátur
24.jún.15	Blíðfari ÞH 250	Vélarvana	4	Handfærabátur
25.jún.15	Æskan GK 506	Vélarvana	12	Handfærabátur
25.jún.15	Pálína Ágústsdóttir GK 1	Vélarvana	15	Línuveiðiskip
30.jún.15	Jötunn	Ásigling í höfn	96	Dráttarbatúur
7.júl.15	Jón Hákon BA 60	Sekkur	27	Dragnótaskip
8.júl.15	Ársæll GK 33	Vélarvana	12	Handfærabátur
8.júl.15	Mardís AK 48	Vélarvana	5	Handfærabátur
9.júl.15	Axel NS 15	Vélarvana	6	Handfærabátur
10.júl.15	Grímsnes GK 555	Slys á fólki	277	Skelfiskskip
17.júl.15	Brúarfoss	Slys á fólki	7.676	Flutningaskip
25.júl.15	Guðmundur á Hópi GK 203	Vélarvana	15	Línuveiðiskip
25.júl.15	Birtingur NK 124	Leki um borð	1.468	Nótaveiðiskip
25.júl.15	Óskar ÞH 234	Vélarvana	5	Handfærabátur
26.júl.15	Æskan GK 506	Eldur um borð	12	Handfærabátur
27.júl.15	Bergur VE 44	Slys á fólki	569	Togveiðiskip
29.júl.15	Birtingur NK 124	Annað atvik	1.468	Nótaveiðiskip
4.ágú.15	Straumur NS 16	Vélarvana	4	Handfærabátur
4.ágú.15	Svala Sif SH 212	Bilun í búnaði	5	Handfærabátur
4.ágú.15	Logi ÍS 79	Vélarvana	5	Handfærabátur
10.ágú.15	Öngull BA 21	Eldur og sekkur	5	Handfærabátur
13.ágú.15	Gísli Mó SH 727	Eldur og sekkur	3	Handfærabátur
29.ágú.15	Bíldsey SH 65	Vélarbilun	30	Línuveiðiskip
29.ágú.15	Baldur	Tók niðri	1.677	Farþegaskip
1.sep.15	Viðar ÍS 500	Vélarvana	4	Handfærabátur
1.sep.15	Hringur ÍS 305	Vélarvana	8	Handfærabátur
3.sep.15	Vöggur NK 40	Vélarvana	3	Handfærabátur
4.sep.15	Grundfirðingur SH 24	Vélarvana	255	Línuveiðiskip
6.sep.15	Magni	Annað atvik	141	Dráttarbatúur
9.sep.15	Arnar ÁR 55	Vélarvana	320	Skelfiskskip
20.sep.15	Margrét SU 4	Vélarvana	15	Handfærabátur

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
20.sep.15	Ásbjörn RE 50	Leki í vélarúmi	652	Togveiðiskip
22.sep.15	Sóley Sigurjóns GK 200	Eldur í vélarúmi	737	Togveiðiskip
1.okt.15	Blíða SH 277	Strandar	61	Skelfiskskip
6.okt.15	Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10	Slys á fólki	712	Togveiðiskip
14.okt.15	Fjóla GK 121	Strandar	15	Skelfiskskip
14.okt.15	Margrét Guðbrandsdóttir	Annað atvik	2	Björgunarskip
16.okt.15	Kleifarberg ÓF	Slys á fólki	1.191	Togveiðiskip
22.okt.15	Páll Jónsson GK 7	Vélarvana	402	Línuveiðiskip
28.okt.15	Dísa	Leki	623	Dýpkunarskip
28.okt.15	Herjólfur	Efnaslys	3.354	Farþegaskip
31.okt.15	Gnýr HF 515	Vélarvana	6	Skemmtibátur
2.nóv.15	Perla	Sekkur - leki	410	Dýpkunarskip
10.nóv.15	Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10	Slys á fólki	712	Togveiðiskip
11.nóv.15	Bjartur NK 121	Slys á fólki	658	Togveiðiskip
25.nóv.15	Brandur VE 220	Eldur um borð	6	Handfærabátur
10.des.15	Guðmundur í Nesi RE 13	Slys á fólki	2.464	Togveiðiskip
22.des.15	Auður Vésteins GK 88	Fékk á sig brotsjó	30	Línuveiðiskip
26.des.15	Finnbjörn ÍS 68	Sekkur í höfn	62	Dragnótaskip
29.des.15	Bergur Sterki HU 17	Fékk á sig brotsjó	8	Línuveiðiskip



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is